

Þingskjal nr. 54

Ályktun

Flytjandi Ferða- og samgöngunefnd þingsins

Tillaga:

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Reykjavík 04. og 05. nóvember 2022 hvetur stjórn LH að beita sér af mætti til að reiðvegafé af framlagi hins opinbera skerðist ekki frá því sem verið hefur árin 2021 og 2022 og verði heldur við það aukið frá því sem verið hefur sl. tvö ár.

Greinargerð:

Árið 2021 jók innviðaráðherra tímabundið framlag til reiðvega um 100.0 m.kr. sem skildi greiðast á tveimur árum þ.e. 50.0 m.kr. hvort ár 2021 og 2022. Þetta var til viðbótar þeim 75.0 m.kr. sem er árlegt framlag samkvæmt samgönguáætlunum, þannig að óbreyttu verða framlög hins opinbera 75.0 m.kr. árin 2023 og 2024 samkvæmt samgönguáætlunum sem í gildi eru. Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé í ár nam 424.3 m.kr.

Fram hefur komið að formaður ásamt gjaldkera LH hafa átt fund með ráðherra vegna þessra mála og nefnd skipuð til að kanna frekar þörfina fyrir aukið reiðvegafé, sem er gott og blessað, en mál vilja því miður oft daga uppi í nefndum.

Benda má á að framlag hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu til þjóðarbúsins er mælt í milljörðum kr. á ársgrundvelli sé litið til beinna gjaldeyrstekna og þeirra afleiða sem myndast vegna þessa og sjálfsagt er að hamra á því sem víðast og oftast.

Samkvæmt mælaborði Ferðamálastofu frá í september sl. þá komu til landsins 1.532.954 erlendir ferðamenn á tímabilinu frá október 2021 til september 2022 þar af 90,3% í fríi eða 1.384.257. Samkvæmt Hagvísí hagfræðideildar Landsbankans þá er hver erlendir ferðamaður að eyða um 420 þús. kr. að jafnaði sem gerir 644 milljarða kr. á árs tímabili.

Samkvæmt mælaborði Ferðamálaráðs þá koma 12% erlendra ferðamanna til landins vegna hestaferða eða annarra viðburða tengdri hestamennsku. Samkvæmt framangreindu þá eru erlendir ferðamenn sem komu til landsins vegna hestaferða eða annarrar hestatengdrar starfsemi um 166.000 á fyrrgreindu tímabili og skapað þjóðarbúinu um 70 milljarða kr. á ársgrundvelli.

Reiðleiðir og reiðstígar eru undirstaða hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu og því nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda reiðstígunum þannig að sómi sé að.

[Samþykkt samhljóða í nefnd og á LH þingi](#)